



# Gjaldskrá fyrir flutning á raforku og kerfisþjónustu

Nr. 32  
Gildir frá 1. júlí 2019

## **1. grein**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir flutning raforku um flutningskerfi Landsnets hf.

Gjaldskrá þessi gildir einnig fyrir virkjanir sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu.

## **2. grein**

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um og eru notaðar í gjaldskrá þessari:

*Afhendingarspenna:* Sú staðalspenna (málspenna) sem Landsnet afhendir rafmagn á.

*Afhendingarstaður:* Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

*Almanaksár:* 1. janúar - 31. desember ár hvert.

*Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjum til stórnottanda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnottenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.

*Skerðanlegur flutningur:* Á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í gr. 5.1 í skilmálum um skerðanlegan flutning. Skömmtu skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga er hér undanþegin.

*Innmötun:* Rafmagn sem matað er inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

*Stórnottandi:* Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.

*Úttekt:* Það rafmagn sem viðskiptavinir taka út af flutningskerfi Landsnets, ásamt því rafmagni sem framleitt er í virkjum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu.

### **3. grein**

Afhendingarstaðir og afhendingarspenna við innmötun og úttekt raforku eru sem hér segir:

#### Afhendingarstaðir innmötun

#### Afhendingarspenna

Blöndustöð .....	132 kV
Búðarhálsstöð .....	220 kV
Búrfellsstöð.....	220 kV og 66 kV
Fljótsdalsstöð.....	220 kV
Hellisheiðarvirkjun .....	220 kV
Hrauneyjafossstöð .....	220 kV
Írafossstöð .....	132 kV
Kröflustöð.....	132 kV
Lagarfossvirkjun.....	66 kV
Laxárstöð .....	66 kV
Ljósafossstöð .....	66 kV
Mjólkárvirkjun .....	66 kV
Nesjavellir .....	132 kV
Reykjanessvirkjun .....	132 kV
Sigöldustöð.....	220 kV
Steingrímsstöð.....	66 kV
Sultartangastöð.....	220 kV
Svartsengi .....	132 kV
Vatnsfallsstöð .....	220 kV
Þeistareykir .....	220 kV

#### Afhendingarstaðir úttektar

#### Afhendingarspenna

#### **Til stórnotenda:**

Aðveitustöð ALCAN .....	220 kV
Aðveitustöð Fjarðaáls.....	220 kV
Aðveitustöð Járnblandifélagsins.....	220 kV
Aðveitustöð Norðuráls .....	220 kV
Aðveitustöð PCC .....	220 kV
Aðveitustöð Becromal.....	132 kV
Aðveitustöð Ásbrú.....	33 kV
Aðveitustöð Hnjúkar.....	33 kV

#### **Til dreifiveitna:**

Akranes.....	66 kV
Bakki .....	11 kV og 33 kV
Blanda .....	11 kV
Bolungarvík .....	66 kV
Breiðadalur.....	66 kV
Brennimelur.....	11 kV

Búrfell.....	11 kV
Dalvík .....	.66 kV
Eskifjörður.....	.66 kV
Eyvindará.....	.66 kV
Fáskrúðsfjörður.....	.66 kV
Fitjar.....	132 kV
Flúðir .....	.66 kV
Geiradalur .....	132 kV
Glerárskógar.....	132 kV
Grundarfjörður .....	.66 kV
Hamranes.....	132 kV
Hella .....	.66 kV
Hnoðraholt .....	132 kV
Hólar .....	132 kV
Hrútatunga .....	132 kV
Hryggstekkur .....	.11 kV
Húsavík .....	.33 kV
Hveragerði.....	.66 kV
Hvolsvöllur .....	.66 kV
Höfn .....	132 kV
Ísafjörður .....	.66 kV
Kópasker .....	.66 kV
Korpa.....	132 kV
Krafla.....	.11 kV
Lagarfoss.....	.66 kV
Laxá .....	.11 kV
Laxárvatn .....	132 kV
Lindabrekka.....	.66 kV
Ljósafoss .....	.11 kV
Mjólká.....	.33 kV
Neskaupsstaður.....	.66 kV
Ólafsvík .....	.66 kV
Prestbakki .....	132 kV
Rangárvellir .....	.66 kV
Rauðavatn .....	132 kV
Rimakot .....	.66 kV
Sauðárkrókur .....	.66 kV
Selfoss .....	.66 kV
Seyðisfjörður .....	.66 kV
Sigalda.....	.11 kV
Silfurstjarna.....	.66 kV
Stakkur .....	132 kV
Stuðlar .....	.66 kV
Svartsengi .....	132 kV
Tálknafjörður .....	.66 kV
Teigarhorn.....	132 kV
Varmahlíð.....	.11 kV

Vatnsfell .....	11 kV
Vatnshamrar.....	66 kV
Vegamót .....	66 kV
Vestmannaeyjar .....	.33 kv og 66 kv
Vogaskeið.....	66 kV
Vopnafjörður.....	66 kV
Þeistareykir.....	66 kV
Þorlákshöfn.....	66 kV
Öldugata í Hafnarfirði.....	132 kV

#### 4. grein

##### 4.1 Flutningsgjöld<sup>1</sup>

###### Innmötun:

Afhendingargjald ..... 6.346.925 kr. á ári

###### Úttekt:

###### *Dreifiveitur*

Afhendingargjald ..... 6.346.925 kr. á ári

Aflgjald ..... 6.516.566 kr. á ársMW.

Orkugjald..... 471,87 kr. á MWst.

###### *Stórnottendur*

Afhendingargjald..... 45.620 USD á ári

Aflgjald..... 26.574 USD á ársMW.

Orkugjald..... 1,344 USD á MWst.

Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp er ekki innifalið í flutningsgjaldi hér að ofan og er innheimt sérstaklega skv. grein 4.2.

##### 4.2. Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp<sup>2</sup>

Kerfisþjónusta..... 57,28 kr. á MWst

Flutningstöp..... 79,34 kr. á MWst.

4.3 Veittur er 5% afsláttur af afl- og orkugjaldi samkvæmt grein 4.1. þar sem rafmagn er afhent til dreifiveitna á hærri málspennu en 66 kV.

4.4 Ekki er innheimt aflgjald vegna skerðanlegs flutnings enda séu skilmálar B5 um skerðanlegan flutning uppfylltir.

<sup>1</sup> Íslenskar reglur eru notaðar í framsetningu talna í gjaldskrá.

<sup>2</sup> Gjöld vegna tapa og kerfisþjónustu taka breytingum til samræmis við innkaup Landsnets á flutningstöpum og kerfisþjónustu.

Hafi viðskiptavinur dreifiveitu nýtingartíma umfram 4500 klst á ári í að lágmarki heilt almanaksár, greiðast eftirleiðis 512,00 kr á MWst. Hafi nýtingartími verið undir 4500 klst á ári tvö síðastliðin ár greiðast eftirleiðis 1.349,00 kr. á MWst. Nýtingartími nýrra viðskiptavina dreifiveitna skal metinn að loknu fyrsta almanaksári viðskipta og skal hann fram að þeim tíma fara í hærri gjaldflokkinn.

Afsláttur skv. gr. 4.3. gildir einnig um orku til skerðanlegra viðskiptavina dreifiveitna. Nýtingartími miðast við fjóra hæstu 60 mínútna mánaðarafltoppa ársins og orkumagn ársins, að teknu tilliti til þess tíma sem skerðingar Landsnets stóðu yfir.

Veittur er 17,0% afsláttur af gjaldi fyrir kerfisþjónustu vegna skerðanlegs flutnings. Afsláttur þessi nemur kostnaði Landsnets vegna varaafls.

- 4.5 Aflgjald vegna úttektar er reiknað út frá meðaltali fjögurra hæstu 60 mínútna mánaðarafltoppa ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.
- 4.6 Stórnotandi getur óskað eftir að fá afhenta raforku á lægri spennu en 132 kV. Um gjaldtöku fyrir slíka afhendingu gilda B9 skilmálar Landsnets.
- 4.7 Gjald fyrir umsjón með jöfnunarorkumarkaði er 2,0% af jöfnunarorkugjaldi á hverjum tíma og innheimtist það af jöfnunarábyrgðaraðila.
- 4.8 Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni.

## **5. grein**

Gjöld vegna kerfisþjónustu og tapa greiðast af allri úttekt með þeirri undantekningu sem kemur fram í gr. 8.3.

## **6. grein**

Afhendingarstaðir skulu að öllu jöfnu vera sérmældir. Þó skulu afhendingarstaðir sammældir inn á dreifiveitusvæði sem rekið er sam tengt, enda geti hver afhendingarstaður annað a.m.k.  $1/(n-1)*100\%$  af heildarþörf svæðisins, þar sem n er fjöldi afhendingarstaða.

## **7. grein**

- 7.1 Hver viðskiptavinur greiðir afhendingargjald fyrir sérhvern afhendingarstað þó hann tengist flutningskerfinu á fleiri en einu inn- eða úttaki innan hans og mismunandi afhendingarspennu, sbr. gr. 3.

7.2 Afsláttur af afhendingargjaldi á úttekt er veittur ef hámarksflúttekt er eftirfarandi:

Á bilinu 3,0 – 6,0 MW er veittur 40 % afsláttur.

Á bilinu 1,0 – 3,0 MW er veittur 70% afsláttur.

Ef úttekt er undir 1,0 MW er heimilt að fella afhendingargjald niður, enda verði beinn fastur kostnaður Landsnets við úttakið innheimtur í stað afhendingargjalds. Þessi

kostnaður er mismunandi milli afhendingarstaða og er reiknaður sérstaklega fyrir hvert úttak undir 1,0 MW.  
Hámarksflúttekta er hæsti 60 mínútna aftoppur ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.

7.3 Í sérhverjum afhendingarstað sem talinn er upp í 3 gr. leggur Landsnet kaupanda til eitt úttak vegna úttektar á afhendingarspennu, sem tilgreind er í grein 3. Kaupandi skal greiða allan kostnað vegna viðbótarúttaks sem hann óskar eftir, svo og vegna annarrar afhendingarspennu en tilgreind er í gr. 3 og hann kann að óska eftir.

7.4 Kaupandi skerðanlegs flutnings skal greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks.

## **8. grein**

- 8.1 Dreifiveitur skulu greiða úttektargjald sbr. 4. gr. af orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu skv. eftirfarandi:
- 1 vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald.
  2. vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
  3. vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

8.2 Dreifiveitur skulu greiða gjald fyrir kerfisþjónustu sbr. gr. 4.2 af þeirri orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu, og fer ekki inn á flutningskerfi Landsnets.

8.3 Gjöld skv. gr. 8 eru gerð upp sérstaklega.

## **9. grein**

- 9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull við úttekt hjá viðskiptavini í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en  $\cos\phi = 0,9$ , nema annað sé tiltekið í netmála eða samningum Landsnets og viðskiptavinar.
- 9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi hækkar orku- og afgjald samkvæmt 4. grein um 2 % fyrir hvert 1% sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

## **10. grein**

Verð á jöfnunarorku er breytilegt og ræðst af verði á markaði hverju sinni og verður birt á heimasíðu Landsnets hf.

## **11. grein**

Gjaldskrá þessi er sett af Landsneti hf. í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun hefur sett Landsneti hf. og gildir frá og með 1. júlí 2019.

## **12. grein**

Orkustofnun hefur eftirlit með að Landsnet hf. starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003, með síðari breytingum og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum og reglugerðum.